# Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.

## Ársreikningur samstæðu og móðurfélags 2018

Keilir, miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs ehf.
Grænásbraut 910
262 Reykjanesbær

kt. 500507-0550

# Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 9 |
| Skýringar | 10 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar

Megintilgangur félagsins er rekstur skólastofnunar og rannsóknarstarfsemi ýmiskonar.

Tap var af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 29 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 219 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Á stjórnarfundi Keilis þann 4. maí 2018 var samþykkt rammasamkomulag um uppgjör á kaupsamningi milli Keilis og Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Samkomulagið fól í sér að hluta lóða í eigu félagsins var skilað til íslenska ríkisins og fasteign félagsins var seld til Fasteignafélagsins Keilis ehf., en það félag er í 100% eigu Keilis og því hluti af samstæðunni. Áhrif á ársreikning samstæðunnar eru að söluhagnaður að fjárhæð 84 millj. kr. er færður meðal annarra tekna í rekstrarreikningi, heildarskuldir lækkuðu um 187 millj. kr. og færð var leiðrétting á yfirverði hlutafjár félagsins.

Í ágúst 2018 kyrrsetti Samgöngustofa allar flugvélar Keilis Aviation Academy ehf. (KAA) þar sem fram komu ýmsir misbrestir. Tvær vélar fengu lofthæfi í september og tólf í nóvember. Kostnaður KAA við kyrrsetninguna sem og tekjutap á tímabilinu nam um 126 millj. kr. og skýrir að miklu leyti þann viðsnúning sem varð á rekstri félagsins á milli áranna 2017 og 2018.

Í ársbyrjun 2019 skrifaði stjórn KAA undir samning um kaup á öllu hlutafé Flugskóla Íslands.

Hlutafé félagsins er 314 millj. kr. skv. samþykktum en engin breyting varð á því á árinu. Félagið á eigin hluti að nafnverði 24 millj. kr. Hlutafé í árslok skiptist á 14 hluthafa en engin breyting varð á því á árinu. 10 stærstu hluthafar félagsins eru:

| | Kennitala | Nafnverð | Hlutdeild |
|---|---|---|---|
| Háskóli Íslands ........ | 600169-2039 | 80.000 | 27,5% |
| Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum ........ | 640479-0279 | 65.000 | 22,4% |
| Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. ........ | 701006-0970 | 46.482 | 16,0% |
| HS Orka hf. ........ | 680475-0169 | 35.000 | 12,1% |
| Orkuveita Reykjavíkur ........ | 551298-3029 | 35.000 | 12,1% |
| Reykjanesbær ........ | 470207-1160 | 15.000 | 5,2% |
| Kaupfélag Suðurnesja svf. ........ | 680169-1019 | 10.000 | 3,4% |
| Bláa lónið hf. ........ | 490792-2369 | 2.000 | 0,7% |
| Íslenskar orkurannsóknir ........ | 600503-4050 | 1.000 | 0,3% |
| Base ehf. ........ | 700307-1660 | 500 | 0,2% |
| | | 289.982 | 99,9% |
| Aðrir hluthafar ........ | | 400 | 0,1% |
| Samtals hlutafé samkvæmt ársreikningi ........ | | 290.382 | 100,0% |

Samkvæmt samþykktum félagsins skal hagnaði félagsins varið til rekstrar og innri vaxtar félagsins og er arðgreiðsla ekki heimil.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar, frh.:

Stjórn og framkvæmdastjóri Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. staðfesta hér með samstæðu- og móðurfélagsársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 21. maí 2019

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.

## Áritun um endurskoðun ársreiknings móðurfélags og samstæðu

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning samstæðu og móðurfélags Keilis, miðstöðvar, fræða og atvinnulífs ehf. („félagið“) fyrir árið 2018. Ársreikningur samstæðu og móðurfélags ("ársreikningurinn") hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir samstæðuna og móðurfélagið.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar og móðurfélagsins 31. desember 2018 og afkomu og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningi móðurfélags og samstæðu

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreiknings móðurfélags og samstæðu í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið eða samstæðuna upp eða hætta starfseminni, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreiknings móðurfélags og samstæðu

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningi móðurfélags og samstæðu hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar eða móðurfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna og félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreiknings móðurfélags og samstæðu í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi móðurfélags og samstæðu eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjanesbær, 21. maí 2019

***KPMG ehf.***



# Rekstrarreikningur ársins 2018

| | Skýr. | Samstæða 2018 | Samstæða 2017 | Móðurfélag 2018 | Móðurfélag 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur af kennslu og rannsóknum | | 992.591 | 925.015 | 433.708 | 451.917 |
| Þjónustutekjur húsnæðis | | 25.138 | 16.484 | 28.361 | 31.484 |
| Styrkir og aðrar tekjur | | 128.818 | 54.478 | 153.083 | 37.391 |
| | | 1.146.547 | 995.976 | 615.153 | 520.792 |
| Laun, launatengd gjöld og aðkeypt kennsla | 2 | 641.011 | 569.908 | 387.739 | 369.214 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 415.343 | 301.523 | 124.543 | 128.371 |
| | | 1.056.354 | 871.431 | 512.282 | 497.585 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | | 90.192 | 124.545 | 102.871 | 23.207 |
| Afskriftir | 3 | ( 104.589) | ( 73.881) | ( 18.399) | ( 19.289) |
| **(Rekstrartap) -hagnaður fyrir fjármagnsliði** | | ( 14.397) | 50.665 | 84.471 | 3.918 |
| Vaxtatekjur | | 3.153 | 3.229 | 710 | 1.049 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 19.216) | ( 25.574) | ( 4.771) | ( 17.743) |
| Gengismunur | | ( 10.077) | ( 6.417) | 246 | 934 |
| | | ( 26.139) | ( 28.763) | ( 3.815) | ( 15.760) |
| **Áhrif dótturfélaga** | 8 | 0 | 0 | ( 110.145) | 22.697 |
| **(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt** | | ( 40.536) | 21.902 | ( 29.488) | 10.854 |
| Tekjuskattur | | 11.048 | ( 11.048) | 0 | 0 |
| **(Tap) hagnaður ársins** | 9 | ( 29.488) | 10.854 | ( 29.488) | 10.854 |

# Efnahagsreikningur 31.12.2018

| | Skýr. | Samstæða 2018 | Samstæða 2017 | Móðurfélag 2018 | Móðurfélag 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | |
| Stofnkostnaður | | 13.652 | 2.627 | 1.588 | 2.459 |
| Óefnislegar eignir | 4 | 13.652 | 2.627 | 1.588 | 2.459 |
| | | | | | |
| Fasteignir | | 414.079 | 401.729 | 3.248 | 400.047 |
| Flugvélar og flugvélaíhlutir | | 599.341 | 625.710 | 0 | 0 |
| Áhöld, tæki og húsgögn | | 139.467 | 129.510 | 46.538 | 43.900 |
| Rekstrarfjármunir | 5-6 | 1.152.887 | 1.156.949 | 49.786 | 443.947 |
| | | | | | |
| Eignarhlutir í dótturfélögum | | 0 | 0 | 26.236 | 118.907 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 90 | 90 | 0 | 0 |
| Áhættufjármunir | 8 | 90 | 90 | 26.236 | 118.907 |
| | | | | | |
| Fastafjármunir samtals | | 1.166.629 | 1.159.666 | 77.610 | 565.313 |
| | | | | | |
| Birgðir | | 26.697 | 15.729 | 0 | 0 |
| Viðskiptakröfur | | 25.017 | 23.182 | 5.120 | 3.800 |
| Kröfur á tengda aðila | 12 | 395 | 4.485 | 238.800 | 6.587 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 29.239 | 20.451 | 1.661 | 1.817 |
| Handbært fé | | 37.806 | 70.738 | 5.644 | 10.544 |
| Veltufjármunir samtals | | 119.155 | 134.585 | 251.225 | 22.748 |
| | | | | | |
| **Eignir samtals** | | 1.285.784 | 1.294.251 | 328.835 | 588.061 |

# Efnahagsreikningur 31.12.2018

| | Skýr. | Samstæða 2018 | Samstæða 2017 | Móðurfélag 2018 | Móðurfélag 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Hlutafé ............................................................ | | 290.382 | 290.382 | 290.382 | 290.382 |
| Yfirverðsreikningur ............................................ | | 187.103 | 89.600 | 187.103 | 89.600 |
| Lögbundinn varasjóður ..................................... | | 13.333 | 13.333 | 13.333 | 13.333 |
| Bundinn hlutdeildarreikningur ............................ | | 0 | 24.930 | 0 | 24.930 |
| Ójafnað eigið fé ................................................ | | ( 272.184) | ( 267.626) | ( 272.184) | ( 267.626) |
| Eigið fé samtals | 9 | 218.634 | 150.619 | 218.634 | 150.619 |
| **Skuldir og skuldbindingar** | | | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding ..................................... | 10 | 0 | 11.048 | 0 | 0 |
| Skuldir við lánastofnanir .................................... | | 224.756 | 97.679 | 0 | 43.294 |
| Skuldabréfalán .................................................. | | 73 | 509 | 73 | 509 |
| Skuld við hluthafa ............................................. | | 155.483 | 0 | 0 | 0 |
| Langtímaskuldir samtals | 11 | 380.312 | 98.189 | 73 | 43.803 |
| Skuldir við lánastofnanir .................................... | | 13.282 | 0 | 13.282 | 0 |
| Viðskiptaskuldir ................................................. | | 67.977 | 56.917 | 27.825 | 12.552 |
| Skuldir við tengda aðila ..................................... | 12 | 167 | 137 | 23.349 | 19.368 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda ................. | 11 | 33.923 | 344.347 | 437 | 313.993 |
| Aðrar skammtímaskuldir ................................... | | 44.235 | 227.703 | 32.044 | 34.149 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur ................................ | | 527.254 | 405.291 | 13.192 | 13.576 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 686.839 | 1.034.395 | 110.128 | 393.638 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 1.067.150 | 1.143.632 | 110.201 | 437.442 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.285.784 | 1.294.251 | 328.835 | 588.061 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2018

| | Skýr. | Samstæða 2018 | Samstæða 2017 | Móðurfélag 2018 | Móðurfélag 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| (Tap) hagnaður skv. rekstrarreikningi ................. | 9 | ( 29.488) | 10.854 | ( 29.488) | 10.854 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Afskriftir ........................................................ | 3 | 104.589 | 73.881 | 18.399 | 19.289 |
| Gengismunur og verðbætur skulda ............... | | 7.076 | 17.462 | 1.161 | 13.858 |
| Tekjuskattur .................................................. | 10 | ( 11.048) | 11.048 | 0 | 0 |
| Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna ................ | | ( 81.406) | ( 3.332) | ( 98.989) | 0 |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga ................... | 8 | ( 0) | 0 | 110.145 | ( 22.697) |
| Veltufé (til) frá rekstri | | ( 10.277) | 109.913 | 1.227 | 21.304 |
| | | | | | |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Birgðir, (hækkun) .......................................... | | ( 10.968) | ( 187) | 0 | 0 |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun ............. | | ( 5.468) | 5.728 | ( 643) | 17.339 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) ............ | | 10.988 | ( 5.007) | 13.167 | ( 21.287) |
| Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting .............. | | 121.964 | 46.071 | ( 384) | ( 583) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | 116.515 | 46.606 | 12.140 | ( 4.531) |
| | | | | | |
| Handbært fé frá rekstri | | 106.238 | 156.519 | 13.367 | 16.773 |
| | | | | | |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | |
| Fjárfesting í óefnisl.eignum og rekstrarfjárm. ..... | 4,5 | ( 113.042) | ( 213.501) | ( 19.379) | ( 20.985) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna ....................... | | 5.170 | 12.878 | 0 | 0 |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum ...................... | | 0 | ( 1.612) | 0 | ( 1.612) |
| Kröfur á tengda aðila, breyting ........................... | | 4.089 | 15.396 | 12.992 | 1.165 |
| Fjárfestingahreyfingar | | ( 103.782) | ( 186.839) | ( 6.387) | ( 21.432) |
| | | | | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Afborganir langtímalána .................................... | | ( 48.700) | ( 36.676) | ( 11.151) | ( 11.151) |
| Lán til tengdra aðila, breyting ............................. | | 31 | 137 | ( 14.013) | 1.569 |
| Skammtímaskuldir, breyting .............................. | | 13.282 | 0 | 13.282 | 0 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 35.387) | ( 36.539) | ( 11.881) | ( 9.582) |
| | | | | | |
| **Lækkun á handbæru fé ................................** | | ( 32.931) | ( 66.859) | ( 4.901) | ( 14.241) |
| | | | | | |
| **Handbært fé í ársbyrjun ...............................** | | 70.738 | 137.597 | 10.544 | 24.785 |
| | | | | | |
| **Handbært fé í árslok .....................................** | | 37.806 | 70.738 | 5.644 | 10.544 |
| | | | | | |
| **Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa** | | | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum .......................... | | ( 17.275) | ( 183.346) | 0 | 0 |
| Skammtímaskuldir, hækkun ............................... | | ( 183.346) | 183.346 | 0 | 0 |
| Tekin ný langtímalán .......................................... | | 360.621 | 0 | 0 | 0 |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna ....................... | | 95.000 | 0 | 495.000 | 0 |
| Kröfur á tengda aðila, breyting ........................... | | ( 5.206) | 0 | ( 245.206) | 0 |
| Leiðrétting á yfirverði hlutabréfa ........................ | | 97.503 | 0 | 97.503 | 0 |
| Afborganir langtímalána .................................... | | ( 347.297) | 0 | ( 347.297) | 0 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### a. *Grundvöllur reikningsskila*

Ársreikningur Keilis miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga og ársreikning móðurfélagsins. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir í þúsundum króna. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningur dótturfélagsins er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra er felldur út í samstæðureikningnum.

### b. *Erlendir gjaldmiðlar*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Rekstrarfjármunir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum sem tilgreindar eru á gangvirði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi sem gilti á viðskiptadegi.

### c. *Innlausn tekna*

Tekjur af þjónustusamningum eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi. Skólagjöld tekjufærast við innritun nemenda. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

### d. *Óefnislegar eignir*

Óefnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna. Á meðal óefnislegra eigna er annars vegar færður kostnaður við þróun námsefnis vegna endurmenntunar atvinnubílstjóra á árinu 2016 og hins vegar skimunarkerfi vegna inntöku nýnema. Fyrirhugað er að gjaldfæra kostnaðinn á fimm árum.

### e. *Rekstrarfjármunir*

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar annars vegar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð og hins vegar í samræmi við flugstundir.

### f. *Dótturfélög*

Eignarhlutir í dótturfélögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra. Hlutdeild í afkomu dótturfélaga er færð í rekstrarreikning móðurfélagsins.

### g. *Eignarhlutir í félögum*

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna áætlaðrar verðrýrnunar þessara félaga.

### h. *Birgðir*

Birgðir samstæðunnar eru færðar til eignar á kostnaðarverði. Um er að ræða rekstrarvörubirgðir flugvéla og öryggisbúnað nemenda.

### i. *Viðskiptakröfur*

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

### j. *Handbært fé*

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

**k.** ***Frestaður tekjuskattur***

Samkvæmt samþykktum Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. er tilgangur félagsins að verja hagnaði og sjóðum félagsins til rekstrar og innri vaxtar. Komi til þess að hagnaði eða sjóðum verði úthlutað til annarra verkefna utan félagsins skal einungis um að ræða verkefni sem teljast í þágu almannaheilla. Uppfyllir félagið því skilyrði þess að bera takmarkaða skattskyldu.

Önnnur félög innan samstæðunnar eru tekjuskattsskyld.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar.

Útreikningur skatteignar byggist á yfirfæranlegu tapi og mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, eru að jafnaði færð fyrr í skattauppgjöri en reikningsskilum. Skatteign er aðeins færð að því marki sem líklegt er að talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti.

Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

**l.** ***Fyrirframinnheimtar tekjur***

Tekjur af kennslu sem innheimtar hafa verið og tilheyra síðari tímabilum eru færðar til skuldar í ársreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur.

## 2. Laun, launatengd gjöld og aðkeypt kennsla

Laun, launatengd gjöld og aðkeypt kennsla greinast þannig:

| | **Samstæða** | | **Móðurfélag** | |
|---|---|---|---|---|
| | **2018** | **2017** | **2018** | **2017** |
| Laun ........................................................ | 367.708 | 351.692 | 243.368 | 255.175 |
| Launatengd gjöld .................................... | 77.661 | 69.945 | 51.686 | 49.822 |
| Aðkeypt kennsla ...................................... | 195.642 | 148.271 | 92.685 | 64.217 |
| Laun, launat. gj. og aðk. kennsla samt. .... | 641.011 | 569.908 | 387.739 | 369.214 |
| Ársverk .................................................... | 54 | 56 | 32 | 35 |

Laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu samtals 21,5 millj. kr. á árinu 2018. Á árinu 2017 námu laun til framkvæmdastjóra og stjórnar samtals 19,7 millj. kr.

## 3. Afskriftir

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

| | **Samstæða** | | **Móðurfélag** | |
|---|---|---|---|---|
| | **2018** | **2017** | **2018** | **2017** |
| Afskriftir rekstrarfjármuna ........................ | 102.123 | 71.153 | 17.529 | 19.078 |
| Niðurfærsla óefnislegra eigna .................. | 2.466 | 2.728 | 871 | 212 |
| Fært í rekstrarreikning sem afskriftir ........ | 104.589 | 73.881 | 18.399 | 19.289 |

## 4. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir og gjaldfærsla þeirra greinist þannig:

| | **Samstæða** | **Móðurfélag** |
|---|---|---|
| Óefnislegar eignir 1.1.2018 ......................................................................... | 2.627 | 2.459 |
| Viðbætur á árinu ......................................................................................... | 13.491 | 0 |
| Gjaldfært á árinu ......................................................................................... | ( 2.466) | ( 871) |
| Óefnislegar eignir 31.12.2018 ..................................................................... | 13.652 | 1.588 |

## 5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

| Samstæða: | Fasteignir | Flugvélar og flugvélaíhlutir | Áhöld, tæki og húsgögn | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2018 | 455.017 | 801.863 | 214.786 | 1.471.666 |
| Viðbætur á árinu | 30.341 | 22.203 | 64.281 | 116.825 |
| Selt og niðurlagt á árinu | ( 11.258) | 0 | ( 7.970) | ( 19.228) |
| Heildarverð 31.12.2018 | 474.101 | 824.065 | 271.097 | 1.569.263 |
| | | | | |
| Afskrifað áður | 53.288 | 176.153 | 85.276 | 314.717 |
| Afskrifað á árinu | 6.735 | 48.571 | 46.817 | 102.123 |
| Afskrift færð út | 0 | 0 | ( 464) | ( 464) |
| Afskrifað samtals 31.12.2018 | 60.022 | 224.724 | 131.630 | 416.376 |
| | | | | |
| Bókfært verð 1.1.2018 | 401.729 | 625.710 | 129.510 | 1.156.949 |
| Bókfært verð 31.12.2018 | 414.079 | 599.341 | 139.467 | 1.152.887 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 4 - 25% | 8 - 30% | |
| Áætlaður nýtingartími | 50 ár | 25 ár / flugst. | 3 - 13 ár | |

| Móðurfélag: | Fasteignir | Flugvélar og flugvélaíhlutir | Áhöld, tæki og húsgögn | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2018 | 453.260 | 0 | 79.531 | 532.791 |
| Viðbætur á árinu | 5.748 | 0 | 13.631 | 19.379 |
| Selt og niðurlagt á árinu | ( 455.625) | 0 | 0 | ( 455.625) |
| Heildarverð 31.12.2018 | 3.383 | 0 | 93.162 | 96.545 |
| | | | | |
| Afskrifað áður | 53.213 | 0 | 35.630 | 88.844 |
| Afskrifað á árinu | 6.536 | 0 | 10.993 | 17.529 |
| Afskrift færð út | ( 59.614) | 0 | 0 | ( 59.614) |
| Afskrifað samtals 31.12.2018 | 135 | 0 | 46.623 | 46.759 |
| | | | | |
| Bókfært verð 1.1.2018 | 400.047 | 0 | 43.900 | 443.947 |
| Bókfært verð 31.12.2018 | 3.248 | 0 | 46.538 | 49.786 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 2% | | 8 - 20% | |
| Áætlaður nýtingartími | 50 ár | | 5 - 13 ár | |

## 6. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat fasteignar nam samtals 485,2 millj. kr. í árslok 2018 (2017: 454,4 millj. kr.). Á sama tíma var brunabótamat fasteignar samtals 1.446,4 millj. kr. (2017: 1.335,0 millj. kr.). Vátryggingarverð flugvéla nam 615,4 millj. kr. í árslok 2018 (2017: 643,2 millj. kr.). Vátryggingaverðmæti áhalda, tækja, húsgagna og tölvubúnaðar nam 685,1 millj. kr. í árslok 2018 (2017: 666,5 millj. kr.).

## 7. Uppgjör á kaupsamningi

Á stjórnarfundi Keilis þann 4. maí 2018 var samþykkt rammasamkomulag um uppgjör á kaupsamningi milli Keilis og Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Samkomulagið fól í sér að hluta lóða í eigu félagsins var skilað til íslenska ríkisins og fasteign félagsins var seld til Fasteignafélagsins Keilis ehf., en það félag er í 100% eigu Keilis og því hluti af samstæðunni.

## 8. Eignarhlutir í dótturfélögum

Dótturfélög sem færð eru í samstæðureikninginn eru eftirtalin:

| | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|
| | Eignarhlutur | Áhrif í rekstur | Bókfært verð |
| Keilir Aviation Academy ehf. | 100% | ( 92.353) | 26.236 |
| Fasteignafélagið Keilir ehf. | 100% | ( 16.206) | 0 |
| Orkurannsóknir ehf. | 100% | ( 1.586) | 0 |
| Eignarhlutir í dótturfélögum 31.12.2018 | | ( 110.145) | 26.236 |

Þessu til viðbótar á Keilir Aviation Academy ehf. alla hluti í Flugklúbbi HJ ehf., Reykjavíkurflugvelli. Keilir Aviation Academy ehf. á jafnframt 50% eignarhluta í F.L.Y ehf., Grænásbraut 910. Óveruleg starfsemi er hjá þessum tveimur félögum og eru þau því ekki hluti af samstæðureikningi Keilis, miðstöðvar vísinda fræða og atvinnulífs ehf. sbr. 68. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

Fasteignafélagið Keilir ehf. og Orkurannsóknir ehf. voru bæði rekin með tapi á árinu 2018 sem var umfram bókfært verð eignarhluta í þeim í bókhaldi Keilis. Hlutdeild umfram bókfært verð er færð til lækkunar á kröfum á hendur félögunum.

Í ágúst 2018 kyrrsetti Samgöngustofa allar flugvélar Keilis Aviation Academy ehf. (KAA) þar sem fram komu ýmsir misbrestir. Tvær vélar fengu lofthæfi í september og tólf í nóvember. Kostnaður KAA við kyrrsetninguna sem og tekjutap á tímabilinu nam um 126 millj. kr. og skýrir að miklu leyti þann viðsnúning sem varð á rekstri félagsins á milli áranna 2017 og 2018.

Í ársbyrjun 2019 skrifaði stjórn KAA undir samning um kaup á öllu hlutafé í Flugskóla Íslands. Samkeppniseftirlitið setti sem skilyrði fyrir kaupunum að KAA myndi á árinu 2019 hætta að bjóða uppá nám í flugvirkjun.

## 9. Eigið fé

Hlutafé samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Hlutafé samkvæmt samþykktum | 314.000 |
| Eigin hlutabréf 7,52% | ( 23.618) |
| Hlutafé samkvæmt efnahagsreikningi | 290.382 |

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutafé | Annað bundið eigið fé | Ójafnað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2018 | 290.382 | 127.864 | ( 267.626) | 150.619 |
| Leiðrétt yfirverð hlutafjár | | 97.503 | | 97.503 |
| Tap ársins | | ( 24.930) | ( 4.558) | ( 29.488) |
| Eigið fé 31.12.2018 | 290.382 | 200.436 | ( 272.184) | 218.634 |

Annað bundið eigið fé sundurliðast þannig:

| | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Bundinn hlutdeildar-reikningur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2018 | 89.600 | 13.333 | 24.930 | 127.864 |
| Leiðrétt yfirverð hlutafjár | 97.503 | | | 97.503 |
| Tap ársins | | | ( 24.930) | ( 24.930) |
| Eigið fé 31.12.2018 | 187.103 | 13.333 | 0 | 200.436 |

Færa skal af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn reikning meðal eiginfjár fjárhæð er svarar til hlutdeildar í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga sem færð var í rekstrarreikning að svo miklu leyti hlutdeildin er umfram móttekinn arð frá þessum félögum eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta.

## 10. Tekjuskattsskuldbinding / skatteign

Tekjuskattsskuldbinding / skatteign félagsins greinist þannig:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2017 | 2018 | 2017 |
| Færð skattskuldbinding í ársbyrjun | 11.048 | 0 | 0 | 0 |
| Reiknaður tekjuskattur ársins | ( 11.048) | 11.048 | 0 | 0 |
| Tekjuskattsskuldbinding 31.12.2018 | 0 | 11.048 | 0 | 0 |

Tekjuskattsskuldbinding / skatteign félagsins skiptist þannig á liði efnahagsreiknings:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2017 | 2018 | 2017 |
| Rekstrarfjármunir | ( 3.487) | 9.744 | 0 | ( 4.745) |
| Eignahlutar í öðrum félögum | ( 50) | ( 50) | 0 | 0 |
| Viðskiptakröfur | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Gengismunur | ( 1.867) | 2.925 | 0 | 65 |
| Yfirfæranlegt tap | ( 33.640) | ( 40.746) | 0 | ( 33.107) |
| Skatteign niðurf. vegna óvissu | 39.044 | 39.174 | 0 | 37.787 |
| Tekjuskattsskuldbinding 31.12.2018 | 0 | 11.048 | 0 | 0 |

Gjaldfærður tekjuskattur ársins greinist þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Breyting á skattskuldbindingu | ( 11.048) | 11.048 | 0 | 0 |
| Tekjuskattur til greiðslu | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | ( 11.048) | 11.048 | 0 | 0 |

## 11. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Langtímaskuldir í upphafi árs | 442.536 | 461.750 | 357.797 | 355.090 |
| Tekin ný langtímalán | 360.621 | 0 | 0 | 0 |
| Afborganir ársins | ( 395.997) | ( 36.676) | ( 358.448) | ( 11.151) |
| Gengismunur og verðbætur | 7.076 | 17.462 | 1.161 | 13.858 |
| Skuldir við lánastofnanir samtals | 414.235 | 442.536 | 509 | 357.797 |
| *Skuldir við lánastofnanir:* | | | | |
| Óverðtryggt lán | 0 | 54.348 | 0 | 54.348 |
| Lán í EUR | 253.343 | 62.850 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir | ( 28.586) | ( 19.519) | 0 | ( 11.054) |
| Skuldir við lánastofnanir samtals | 224.756 | 97.679 | 0 | 43.294 |
| *Eignaleigusamningar:* | | | | |
| Lán í EUR | 0 | 20.389 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir | 0 | ( 20.389) | 0 | 0 |
| Eignaleigusamningar samtals | 0 | 0 | 0 | 0 |
| *Skuldabréfalán:* | | | | |
| Óverðtryggt lán | 509 | 2.446 | 509 | 946 |
| Næsta árs afborganir | ( 437) | ( 1.937) | ( 437) | ( 437) |
| Skuldabréfalán samtals | 73 | 509 | 73 | 509 |
| Skuld við Þróunarfélagið | 160.383 | 302.503 | 0 | 302.503 |
| Næsta árs afborganir | ( 4.901) | ( 302.503) | | ( 302.503) |
| Skuld við Þróunarfélagið samtals | 155.483 | 0 | 0 | 0 |

## 11. Langtímaskuldir, frh.

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2017 | 2018 | 2017 |
| Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afb. .... | 414.235 | 442.536 | 509 | 357.797 |
| Næsta árs afborganir, sbr. skýring 11 ....... | ( 33.923) | ( 344.347) | ( 437) | ( 313.993) |
| Langtímaskuldir skv. efnahagsreikningi .... | 380.312 | 98.189 | 73 | 43.803 |

Á stjórnarfundi Keilis þann 4. maí 2018 var samþykkt rammasamkomulag um uppgjör á kaupsamningi milli Keilis og Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Samkomulagið fól í sér að hluta lóða í eigu félagsins var skilað til íslenska ríkisins og fasteign félagsins var seld til Fasteignafélagsins Keilis ehf., en það félag er í 100% eigu Keilis og því hluti af samstæðunni. Áhrif á ársreikning samstæðunnar eru að söluhagnaður að fjárhæð 84 millj. kr. er færður meðal annarra tekna í rekstrarreikningi, heildarskuldir lækkuðu um 187 millj. kr. og færð var leiðrétting á yfirverði hlutafjár félagsins.

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

| | Samstæða 2018 | Samstæða 2017 | Móðurfélag 2018 | Móðurfélag 2017 |
|---|---|---|---|---|
| Árið 2018 ............................................... | 0 | 344.347 | 0 | 313.993 |
| Árið 2019 ............................................... | 33.923 | 19.955 | 437 | 11.490 |
| Árið 2020 ............................................... | 33.560 | 19.591 | 73 | 11.127 |
| Árið 2021 ............................................... | 33.487 | 19.519 | 0 | 11.054 |
| Árið 2022 ............................................... | 33.487 | 18.597 | 0 | 10.133 |
| Árið 2023 ............................................... | 33.487 | 8.465 | 0 | 0 |
| Síðar ...................................................... | 246.292 | 12.061 | 0 | 0 |
| Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afb. .... | 414.235 | 442.536 | 509 | 357.797 |

## 12. Tengdir aðilar

### Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félagi eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar. Dótturfélög teljast einnig tengdir aðilar.

### Viðskipti við tengda aðila greinast þannig:

| | Samstæða 2018 | Samstæða 2017 | Móðurfélag 2018 | Móðurfélag 2017 |
|---|---|---|---|---|
| **Sala á vöru og þjónustu:** | | | | |
| Hluthafar félagsins ................................. | 2.000 | 5.305 | 2.000 | 5.305 |
| Dótturfélög og hlutdeildarfélög ............... | 0 | 0 | 47.766 | 0 |
| | 2.000 | 5.305 | 49.766 | 5.305 |
| **Kaup á vöru og þjónustu:** | | | | |
| Hluthafar félagsins ................................. | 1.834 | 1.549 | 1.590 | 1.549 |
| Félög í eigu annarra tengdra aðila ........... | 1.262 | 3.572 | 291 | 3.306 |
| | 3.096 | 5.122 | 1.881 | 4.855 |

**Staða:**

Skammtímakröfur á tengda aðila greinast þannig í árslok:

| | Samstæða 2018 | Samstæða 2017 | Móðurfélag 2018 | Móðurfélag 2017 |
|---|---|---|---|---|
| Hluthafar félagsins ................................. | 0 | 760 | 0 | 760 |
| Dótturfélög og hlutdeildarfélög ............... | 395 | 3.725 | 238.800 | 6.587 |
| | 395 | 4.485 | 238.800 | 7.347 |

Skammtímaskuldir við tengda aðila greinast þannig í árslok:

| | Samstæða 2018 | Samstæða 2017 | Móðurfélag 2018 | Móðurfélag 2017 |
|---|---|---|---|---|
| Hluthafar félagsins ................................. | 97 | 137 | 0 | 137 |
| Dótturfélög ............................................... | 167 | 0 | 23.349 | 8.183 |
| | 264 | 137 | 23.349 | 8.320 |

## 13. Kennitölur

Helstu kennitölur greinast þannig:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2017 | 2018 | 2017 |
| Veltufjárhlutfall ........................................ | 0,17 | 0,13 | 2,28 | 0,06 |
| Eiginfjárhlutfall ........................................ | 0,17 | 0,12 | 0,66 | 0,26 |
| Innra virði hlutafjár ................................... | 0,75 | 0,52 | 0,75 | 0,52 |

# Sundurliðanir

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2017 | 2018 | 2017 |
| **Tekjur af kennslu og rannsóknum** | | | | |
| Skóla- og námskeiðsgjöld | 479.234 | 470.620 | 166.131 | 175.747 |
| Ríkisstyrkir | 281.793 | 290.479 | 267.577 | 276.170 |
| Seldir flugtímar | 231.565 | 163.916 | 0 | 0 |
| | 992.591 | 925.015 | 433.708 | 451.917 |
| **Þjónustutekjur húsnæðis:** | | | | |
| Umsýslukostnaður húsnæðis | 412 | 9.402 | 412 | 9.402 |
| Umsýslugjald leigjenda | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Leigutekjur | 13.225 | 0 | 16.449 | 0 |
| Hússjóður v/þrifa | 0 | 3.874 | 0 | 3.874 |
| Aðgangslyklar, prentkubbar o.fl. | 356 | 497 | 356 | 497 |
| Viskubrunnur | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar tekjur af húsnæði | 11.144 | 2.710 | 11.144 | 17.710 |
| | 25.138 | 16.484 | 28.361 | 31.484 |
| **Aðrar tekjur:** | | | | |
| Söluhagnaður fastafjármuna | 83.742 | 0 | 98.989 | 0 |
| Styrkir | 14.395 | 15.661 | 6.368 | 5.689 |
| Matarsala og önnur sala | 7.315 | 900 | 1.585 | 96 |
| Húsaleiga og stoðþjónusta | 2.425 | 0 | 42.848 | 17.400 |
| Aðrar tekjur | 3.852 | 19.287 | 3.293 | 14.206 |
| Annað | 17.089 | 18.630 | 0 | 0 |
| | 128.818 | 54.478 | 153.083 | 37.391 |
| **Laun og launatengd gjöld:** | | | | |
| Laun | 340.302 | 331.536 | 232.198 | 244.037 |
| Stjórnarlaun | 7.418 | 5.091 | 5.478 | 5.091 |
| Bifreiðastyrkur | 19.989 | 15.065 | 5.692 | 6.048 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 43.712 | 37.962 | 29.135 | 26.860 |
| Sjúkra- og orlofssjóður | 5.487 | 5.218 | 3.577 | 3.587 |
| Tryggingagjald | 28.461 | 26.766 | 18.974 | 19.375 |
| Verktakar - stundakennarar | 195.642 | 148.271 | 92.685 | 64.217 |
| Leiðrétting launa | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | 641.011 | 569.908 | 387.739 | 369.214 |

# Sundurliðanir, frh.:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2017 | 2018 | 2017 |
| **Annar rekstrarkostnaður:** | | | | |
| Húsaleiga ........................................................ | 55.778 | 29.724 | 13.819 | 590 |
| Fasteignagjöld og lóðarleiga .............................. | 2.802 | 2.440 | 2.802 | 2.440 |
| Viðhald fasteigna ............................................... | 2.924 | 2.065 | 1.056 | 1.492 |
| Annar rekstur fasteigna ..................................... | 20.933 | 18.360 | 12.871 | 12.402 |
| Rekstur bifreiða ................................................. | 13.753 | 10.894 | 3.070 | 3.276 |
| Annar starfsmannakostnaður ............................ | 4.672 | 4.230 | 3.223 | 3.199 |
| Pappír, ritföng, prentun og tímarit ..................... | 2.837 | 3.078 | 1.842 | 2.057 |
| Sími og netkostnaður ........................................ | 3.134 | 2.835 | 2.239 | 1.837 |
| Auglýsinga- og markaðskostnaður .................... | 36.346 | 39.358 | 18.066 | 19.230 |
| Þrif, hreinlætisvörur og sorphirðun .................... | 14.137 | 15.642 | 12.470 | 14.655 |
| Gjaldfærð áhöld og tölvubúnaður ...................... | 6.651 | 8.632 | 5.758 | 5.083 |
| Rekstur tölvu- og upplýsingakerfis .................... | 22.052 | 25.368 | 19.145 | 21.162 |
| Önnur aðkeypt þjónusta .................................... | 21.407 | 13.112 | 7.560 | 4.983 |
| Endurskoðun og sérfræðiþjónusta .................... | 10.878 | 12.259 | 5.472 | 7.758 |
| Annar kostnaður við námsbrautir ...................... | 24.810 | 31.978 | 1.990 | 8.639 |
| Kostnaður við samgöngur ................................. | 3.427 | 5.151 | 1.586 | 4.045 |
| Rekstrarkostnaður flugvéla ................................ | 139.439 | 52.925 | 0 | 0 |
| Aðkeyptur akstur og flutningsk. ........................ | 0 | 22 | 0 | 22 |
| Ferðakostnaður og fundakostnaður ................... | 19.293 | 14.270 | 8.842 | 9.357 |
| Gjafir og framlög ............................................... | 4.241 | 2.843 | 1.197 | 1.252 |
| Tapaðar og niðurfærðar kröfur ........................... | 246 | 3.255 | 0 | 2.787 |
| Þjónustugjöld og bankakostnaður ..................... | 95 | 746 | 95 | 746 |
| Annar rekstrarkostnaður .................................... | 3.152 | 2.334 | 1.440 | 1.358 |
| Tap af sölu fastafjármuna ................................. | 2.336 | 0 | 0 | 0 |
| | 415.343 | 301.523 | 124.543 | 128.371 |